

Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Karli Gauta Hjaltasyni um aldur ríkisstarfsmanna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hvernig hefur verið aldursdreifing ríkisstarfsmanna sem hafa fengið fastráðningu eða verið skipaðir í embætti síðastliðin 10 ára? Óskað er eftir upplýsingum um skiptingu í aldursflokka frá 20–29 ára, 30–39 ára, 40–49 ára, 50–59 ára og 60 ára og eldri sem og um hlutfall hvers aldursflokks af öllum nýráðningum og skipunum í starf hjá ríkinu.

Svarið byggist á upplýsingum úr mannauðskerfi Orra sem heldur utan um mannauð og launagreiðslur meginþorra ríkisstofnana í A-hluta ríkissjóðs. Hlutfallsleg aldursdreifing nýráðinna á ári hverju kemur fram í eftirfarandi yfirliti.

Aldur ríkisstarfsmanna, sem hafa fengið fastráðningu.

| Fjöldi | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 |
|-----------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|
| Yngri en 30 ára | 360 | 507 | 403 | 444 | 468 | 385 | 452 | 532 | 565 | 465 |
| 30–39 ára | 415 | 444 | 411 | 477 | 478 | 421 | 503 | 535 | 532 | 631 |
| 40–49 ára | 300 | 322 | 268 | 321 | 315 | 322 | 307 | 403 | 354 | 405 |
| 50–59 ára | 213 | 205 | 171 | 197 | 193 | 220 | 265 | 304 | 276 | 299 |
| 60 ára og eldri | 62 | 54 | 46 | 68 | 63 | 85 | 103 | 125 | 110 | 136 |
| | 1.350 | 1.532 | 1.299 | 1.507 | 1.517 | 1.433 | 1.630 | 1.899 | 1.837 | 1.936 |

| HLUTFALL | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 |
|-----------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|-------------|
| Yngri en 30 ára | 27% | 33% | 31% | 29% | 31% | 27% | 28% | 28% | 31% | 24% |
| 30–39 ára | 31% | 29% | 32% | 32% | 32% | 29% | 31% | 28% | 29% | 33% |
| 40–49 ára | 22% | 21% | 21% | 21% | 21% | 22% | 19% | 21% | 19% | 21% |
| 50–59 ára | 16% | 13% | 13% | 13% | 13% | 15% | 16% | 16% | 15% | 15% |
| 60 ára og eldri | 5% | 4% | 4% | 5% | 4% | 6% | 6% | 7% | 6% | 7% |
| | 100% |

Ótímabundin ráðning er hér skilið sem fastráðning.

Í launakerfinu er skráð ótímabundin ráðning, skipun og fleira.

Frá er talinn ótímabundin ráðning, tímavinna.

Í þeim tilgangi að setja fram þessar upplýsingar um ráðningar eða skipanir voru teknar saman allar nýskráningar í launakerfinu og eingöngu miðað við ótímabundna ráðningu eða skipun. Hver starfsmaður er einungis talinn einu sinni. Þannig telst starfsfólk sem flyst á milli stofnana ekki til nýráðinna í þessu samhengi.